

## Reglur um opinberar heimsóknir Reykjavíkurborgar

### 1. gr.

#### Skilgreining á opinberri heimsókn

Heimsókn telst opinber þegar borgarstjóra berst formlegt boð frá öðrum borgarstjórum, yfirmönnum alþjóðastofnana, og/eða öðrum stjórnvöldum. Þá getur borgarstjóri Reykjavíkurborgar formlega boðið öðrum borgarstjórum, yfirmönnum alþjóðastofnana, eða fulltrúum annarra stjórnvalda sem eru í samstarfi við Reykjavíkurborg í opinbera heimsókn til Reykjavíkur.

Aðrar heimsóknir borgarstjóra til útlanda, til að mynda þegar hann sækir ráðstefnur og viðburði eða þegar hann á sjálfur frumkvæði að ferðinni, eru skilgreindar sem vinnuheimsóknir.

### 2. gr.

#### Ferðaheimildir og greiðsla ferðakostnaðar

#### 2.1. *Ferðaheimildir*

Um ferðaheimildir borgarstjóra gilda sömu reglur og um aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar. Afla skal ferðaheimildar, á þar til gerðu eyðublaði, a.m.k. þremur vikum fyrir áætlaða brottför. Borgarritari áritar ferðaheimildir borgarstjóra.

Ákvarðanir um ferðir borgarstjóra til útlanda, bæði opinberar heimsóknir og vinnuheimsóknir, skulu kynntar í borgarráði.

#### 2.2. *Opinberar heimsóknir til borgarstjóra Reykjavíkur*

Þegar borgarstjóri Reykjavíkur býður í opinbera heimsókn greiða viðkomandi gestir að öllu jöfnu sjálfir flugfargjald. Gestgjafi greiðir að jafnaði annan kostnað, s.s. gistingu, akstur og uppihald.

#### 2.3. *Opinberar heimsóknir borgarstjóra til útlanda*

Í opinberri heimsókn fær borgarstjóri greiddan ferða- og gistikostnað, risnukostnað og símtöl auk 1/3 hluta dagpeninga, þ.e. dagpeninga án gistingar.

#### 2.3. *Ferðakostnaður maka borgarstjóra í opinberum heimsóknum*

Fari maki með borgarstjóra í opinbera heimsókn til útlanda er greitt fyrir fargjald og gistingu, en ekki dagpeninga

#### 2.4. *Ferðakostnaður vegna vinnuheimsókna borgarstjóra*

Þegar borgarstjóri fer í vinnuheimsókn greiðir Reykjavíkurborg fyrir hann ferðakostnað, fargjald og hótél, ásamt dagpeningum. Greiði gestgjafi fyrir ferð borgarstjóra, hluta ferðar, og/eða þóknun vegna þátttöku dregst það frá þeim kostnaði sem Reykjavíkurborg greiðir.

3. gr.

Tilkynningar um opinberar heimsóknir

*Gestur í opinberri heimsókn til Reykjavíkur*

Þegar gestur kemur í opinbera heimsókn til borgarstjóra skal að öllu jöfnu tilkynna sendiskrifstofu þess ríkis um komu viðkomandi. Komi gestur frá ríki sem krefst aukinnar öryggisgæslu skal hafa samráð við utanríkisráðuneyti vegna öryggismála.

Að öðru leyti er vísað í siðareglur kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar frá 18. júní 2019, og siðareglur starfsfólks Reykjavíkurborgar frá 9. mars 2023.